



**5. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025**  
**haldinn miðvikudaginn 6. nóvember 2024**  
**haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð.**

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Kolbeinn Hólmar Stefánsson (Teams), Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir.  
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

**Drög að dagskrá:**

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. október 2024.
2. Aukafundur stjórnar, dags. 25. september 2024.
3. RSK eyðublað 17.40, breyting á stjórn.
4. Umsögn um breytingar á matskerfi opinberra háskóla, dags. 31. okt. 2024.
5. Kjaramál / Samráðsnefnd 5. nóv. 2024.
6. Nefnd um fyrirkomulag fæðisfjár og matarmiða.
7. Fréttir af stjórn matskerfis op. háskóla.
8. Akadémískt frelsi, skýrsla.
9. Opinn fundur með FPR með frambjóðendum til Alþingis.
10. Opinn fundur með frambjóðendum til rektors HÍ.
11. Fréttir af BHM.

**1. Fundargerð, 2. október 2024**

Fundargerðin var samþykkt.

**2. Fundargerð aukafundar stjórnar, 25. september 2024.**

Fundargerðin var samþykkt.

**3. RSK eyðublað 17.40**

Afgreitt.

**4. Umsögn um breytingar á matskerfi op. háskóla.**

Málið rætt og ákveðið að akademískt starfsfólk í stjórn skrifi umsögn um breytingarnar og sendi á stjórn félagsins til frekari úrvinnslu. Fresturinn er til 1. desember nk.

**5. Kjaramál/samráðsnefnd Fh og HÍ**

Fyrirhugaður fundi í samráðsnefnd hefur dregist á langinn en fundartími er ákveðinn 12. nóv. nk. Ákveðið að tilkynna fulltrúum í HÍ í samráðsnefnd að félagið hyggist senda fréttir til félagsfólks eftir fundina.

Ákveðið var að félagsfundur vegna óánægju um kjaramál og samsetningu félagsins verði haldinn í janúar á nýju ári.

Jens sagði frá fundi fulltrúa akademískt starfsfólks vegna starfahópa sem skipa þarf skv. bókunum í stofnanasamningi Fh og HÍ, vegna nýs kjarasamnings.

#### **6. Nefnd um fyrirkomulag fæðisfjár og matarmiða**

Baldin sagði frá vinnu í nefndinni, kynnisferðir í tvö mötuneyti, umræðum og skipun rýnihóps skipuðum fulltrúum frá öllum fræðasviðum. Nefndin fyrirhugar að skila af sér tillögum í lok þessa mánaðar.

#### **7. Stjórn matskerfisnefndar op. háskóla**

Jens sagði frá vinnu nefndarinnar. Nefndin fundar 3 – 4 sinnum ári og tekur á móti tillögum til breytingar á kerfinu frá ýmsum aðilum m.a. Vísunýs. Nefndinni hefur borist ýmsar tillögur t.d. um jafningamat, mati á greiðslum fyrir tilvitnanir og endurskoðun á mati einstaklinga. Nefndin hefur svarað þeim tillögum sem einstaklingar hafa komið með og hafa þeir verið sáttir við svörin sem þeir fengu send.

#### **8. Akademískt frelsi**

Skýrsla norræna hópsins um akademískt frelsi var í fundargögnum fundarins. Ármann sagði frá vinnunni og þeirri hugsun að hvert land haldi áfram að vinna að málinu í sínum ranni.

#### **9. Opinn fundur með FPR með frambjóðendum til Alþingis**

Baldvin sagði frá undirbúningi fundarins sem formenn Fh og FPR eru að skoða m.t.t. tímasetningu og fundarstaðar. Fulltrúi FS hefur dregið sig úr undirbúningi.

#### **10. Opinn fundur með frmbjóðendum til rektors HÍ**

Frestað til næsta fundar.

#### **11. Fréttir af BHM**

Íris Davíðs. sagði frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra BHM, Björg Kjartansdóttir var valin til starfars. Húsnæðismál Borgartún 6 verður til umfjöllunar á næsta formannaráðsfundi. Stefnumótunarþing BHM verður haldið 20. febrúar 2025. BHM hefur sent frambjóðendum til Alþingis spurningarlista vegna komandi kosninga.

#### **Önnur mál:**

- Helga Birna sagði frá fundi um kynningu á ferð fulltrúa stéttarfélaga á 2. hæð Borgartúni 27 til Kaupmannahafnar um kjarasamningsgerð, sem fyrirhugaður er miðvikudaginn 4. desember kl. 16:00.
- Rætt um nýjar verklagsreglur um námsleyfi sem félaginu hefur enn ekki borist og vandkvæðum við ráðningu aðjúnkta II vs. stundakennara.

Fundi lauk kl. 13:30

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn, 4. desember nk. kl. 14:00